



## Fundargerð

### 8. fundur Byggingarnefndar haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 17. mars 2026.

#### Fundinn sátu:

Björn Helgi Snorrason, Elín Heiða Valsdóttir, Hörður Eypórsson og Helgi Guðmundsson.

**Fundargerð ritaði:** Helgi Guðmundsson, .

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 16:00.

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2509001 - Umsókn um byggingaeyfi við Geirland (Inr. 163570)

*Með umsókn þessari er verið að sækja um byggingarleyfi fyrir starfsmannabúðir, húsið/mannvirkið er einlyft úr færnalegum timbur einingum. Starfsmannabúðir eru samtals 235 m<sup>2</sup> og er á einni hæð og 691,7m<sup>3</sup> Mannvirkið er ætlað sem starfsmannabúðir fyrir allt að 14 manns. Lóðarstærð: 40813 m<sup>2</sup>, Samanlagðir fermetrar annara matshluta: 1881,8m<sup>2</sup> Samtals fermetrar: 2116,8m<sup>2</sup> Nýtingarhlutfall: 0,05. Bílastæði: Samtals eru 14 bílastæði í við starfsmannahúsnæði.*

**Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða byggingaleyfisumsóknina.**

2. 2511031 - Breyting á innrými, Skriðuvellir 12

*Íbúðarhúsið er staðsett inni á breyttu deiliskipulagi (læknabústaðar) frá 2022. Um er að ræða tveggja hæða einbýlishús, byggt árið 1950, staðsteypt með uppstóluðu timburpaki. Húsið er einangrað að innan. árið 2016 var bætt við húsið sambyggðum bílskúr, byggðum úr timbri og klæddur stál báruklæðningu í flokki 1. fjögur bílastæði eru á lóð ásamt sorpgerði. Breytingar: útliti hússins er breytt með því að núverandi steni klæðning verður rifin og viðbótar einangrað verður með 50 mm steinull og klæða að utan með litaðri báruklæðningu og nýjum gluggum. Einnig á að koma fyrir svölum á suð-austur og norð-austur hliðar, ásamt stál tröppum niður í garð. Húsið er notað sem gistirými starfsfólks heilsugæslunnar og verið er að yfirfara brunavarnir í því samhengi ásamt breytingum á innra skipulagi. Almenn er ekki gert ráð fyrir algildri hönnun, þar sem um gamalt húsnæði er að ræða sem ekki getur uppfyllt þær kröfur. Einnig fylgir með uppfærð skráningartafla, stærð er 330,6m<sup>2</sup> og 1050m<sup>3</sup>.*

**Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða framlagðar breytingar á innrými Skriðuvalla 12. Með fyrirvara um að brunavarnir séu uppfylltar.**



3. 2602002 - Umsókn um Byggingarleyfi við Dalbæjarstapa (Lnr.236483)

*VD ehf sækir um Byggingarleyfi fyrir 3 gestahúsum við Dalbæjarstapa L236483. Húsin eru úr timbri og útveggir með standandi borðaklæðningu. Fráveita er veitt út í sameiginlega skolphreinsistöð yfirfall frá hreinsivirki verður leitt norður fyrir fyrir vatnsverndarsvæði áður en því er veitt í gegnum sandsíu út í jarðveg. Stærð á hverju húsi er 36m<sup>2</sup>*

**Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða byggingaleyfisumsóknina.**

4. 2602024 - Umsókn um breytingar á innrými húsa við lóðir G7 og G8 í landi Hæðargarðs

*Um er að ræða innanhúss breytingar á sumarbústað við lóðir G7 og G8 í landi Hæðargarðs við Kirkjubæjarklaustur. Núverandi hús er timburhús klætt með standandi vírbustaðri borðaklæðningu. Tvöfalt verksmiðjugler er í gluggum og hurðum. Bárújárn er á þaki. Starfsemi og notkun Frístundahús til útleigu Byggingin er í notkunarflokki 4. Breytingarnar fela í sér tilfærslu á einum millivegg og niðurrifi annars ásamt stækkun á herbergi. Núverandi milliveggur milli stofu og herbergis verður fjarlægður og nýr milliveggur reistur 60cm frá núverandi staðsetningu til stækkunar við herbergið. Milliveggur sem skilur geymslu og herbergi verður fjarlægður til stækkunar við herbergið og fjarlægt verður geymslu. Markmiðið er að endurskipuleggja rýmiskipan til að auka nýtni. Stærð, 69,6m<sup>2</sup> og 225,5m<sup>3</sup>*

**Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða framlagðar breytingar á innrými Hæðargarðs G7 og G8.**

5. 2602025 - Umsókn um Byggingarheimild við Rauðaberg 1 (Lnr.163425)

*Sótt er um heimild til þess að reisa 18 metra mastur fyrir farsímaþjónustu, við Rauðaberg 1 (Lnr. 163425) til að sinna nærumhverfinu. mastrið verður á steyptri undirstöðu. Pláss er á mastri fyrir alla núverandi aðila á farsíma-markaði. Mastrið er úr galvanhúðuðu stáli*

**Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða leyfi til að reisa mastur.**



6. 2502034 - Breyting á innrými, Skriðuvellir 11

*Lögð er fram beiðni frá Skaftárhreppi um að breyta núverandi húsnæði úr einbýli í þrjár íbúðir.*

**Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða framlagðar breytingar á innrými Skriðuvalla 11.**

7. 2603002 - Umsókn um leyfi fyrir viðbyggingu í landi Syðri-Steinsmýri (Lnr.186342)

*Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við íbúðarhús í landi Syðri-Steinsmýri, Meðallandi Skaftárhreppi (Lnr.186342). Brúttó fermetrar íbúðarhúss eftir breytingu: 129,8 m<sup>2</sup>. Nettó fermetrar íbúðarhúss eftir breytingu: 111 m<sup>2</sup>. Rotþró skal vera að viðurkenndri gerð og a.m.k. 3600L að stærð.*

**Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða byggingaleyfisumsóknina. Með fyrirvara um úrbætur á hönnunargögnum og er byggingafulltrúa falið að fylgja málinu eftir.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 16:43.

---

Björn Helgi Snorrason

---

Elín Heiða Valsdóttir

---

Hörður Eypórsson

# Undirritunarsíða

Björn Helgi Snorrason

Elín Heiða Valsdóttir

Hörður Eypórsson